

Samið um hýsingu Gegnis

Þann 13. nóvember 2005 auglýstu Ríkiskaup fyrir hönd Landskerfis bókasafna hf. nýtt útboð vegna hýsingar á bókasafnskerfinu Gegni. Tilboð voru opnuð 10. janúar síðastliðinn og bárust samtals 17 tilboð frá 7 aðilum. Nýherji hf. átti þriðju lægstu tilboðin og þar sem engir sérstakir annmarkar fundust á þessum lágu tilboðum, var gengið til viðræðna við fyrirtækið. Í kjölfarið undirrituðu aðilar samning um hýsingu til fjögurra ára frá 1. mars 2006 að telja.

Vélarnar sem hýst hafa Gegni undanfarin ár eru að mati sérfræðinga óþarflega öflugar. Bókasafnskerfið nýtir vélbúnað betur en eldri bókasafnskerfi og þess vegna er óhætt að nota afkastaminni netþjóna en áður. Engu að síður eru afköst nýja búnaðarins langt yfir þeim mörkum sem farið var fram á í útboðslýsingunni. Í samningnum við Nýherja eru skilgreind viðmið um svartíma kerfisins sem notendur geta vel við unað. Þá má nefna að geymslurými diska í nýja kerfinu er rúmlega 3 terabæti eða næstum þrefalt það sem nú er, svo borð er fyrir báru hvað varðar aukningu gagnamagns á næstu árum.

Þar sem kostnaður Landskerfis bókasafna vegna kerfishýsingar lækkar þegar eldri hýsingarsamningur rennur út um mitt þetta ár, má telja góðar líkur á að engar hækkanir verði á gjaldskrá fyrirtækisins um næstu áramót umfram verðbætur; þó skal minnt á að það er í verkahring stjórnar félagsins að taka ákvarðanir um gjaldskrána.

Við vonum að samstarfið við Nýherja reynist farsælt fyrir starfsmenn bókasafna og aðra notendur Gegnis.

Árni Sigurjónsson
Landskerfi bókasafna

(Pistill fyrir Fregnir, 10. mars 2006).